

„Ég vildi verða prófessor fyrir alla“

Það er eitthvað einstakt við fólk sem hefur gefið líf sitt annarri kynslóð, jafnvel fleirum. Þegar samtal *Læknablaðsins* við Jón Karlsson hefst, bæklunarlækni með áratugalanga reynslu og djúpa sögu að baki, verður fljótt ljóst að hér er ekki bara um lækni að ræða heldur leiðtoga, fræðimann, vin og kennara. Jón er fæddur árið 1953, hefur verið prófessor við Háskólann í Gautaborg frá árinu 1998 og hlotið fjölda viðurkenninga fyrir störf sín – þar á meðal Norrænu læknisfræðiverðlaunin árið 2015

■■■ Olga Björt Þórðardóttir

Jón ólst upp í Norðurárdal í Borgarfirði þar sem faðir hans var bóndi. Á barnsaldri þótti líklegt að hann myndi feta í fótspor föður síns og taka við búinu. En Jón hafði aðrar hugmyndir. „Ég sagði við pabba að ég ætlaði að verða læknir þegar ég var tíu ára. Og það breyttist aldrei,“ rifjar hann upp með staðfestu. Þetta markaði ákveðin þáttaskil fyrir fjölskylduna, sem flutti til Borgarness, og síðar lá leiðin í Menntaskólann í Reykjavík og þaðan í Læknadeild Háskóla Íslands.

Rætur læknisins og fyrirmyndir

Á unglingsárum fékk Jón oft kviðverki og dvaldi þá stundum á sjúkrahúsi þar sem honum þótti mjög til lækna koma. „Ég varð heillaður af þeim,“ segir hann. Það varð líklega til þess að læknisfræðin varð ljóst köllunarmál. Þó hann hafi ekki haft beinar fyrirmyndir í æsku, þá fann hann fljótt sína fyrirmenn í starfi, meðal annars Rögnvald Þorleifsson á Borgarspítalanum sem hann starfaði með eftir útskrift árið 1978. Rögnvaldur var virkur og fjölhæfur læknir, og Jón segir með djúpri virðingu: „Ég leit mjög upp til hans. Það var mikill heiður að fá að bera kistuna hans þegar hann lést árið 2014.“

Tilviljanakennt flug til frama

Jón útskrifaðist úr læknanámi árið 1978 og eftir stutta dvöl á Borgarspítalanum, á Egilsstöðum og á slysadeild Borgarspítalans hélt Jón utan til Svíþjóðar árið 1981 til að stunda framhaldsnám við Sahlgrenska sjúkrahúsið í Gautaborg. Það var þó ekki fyrir fram ákveðið að hann ætlaði sér langdvöl í útlöndum. „Eftir að ég fékk sérfræðileyfið ætlaði ég að skrifa doktorsritgerð og vera í nokkur ár. En svo fékk ég yfirlæknisstöðu og þá varð ákvörðunin auðveld.“

Hann hafði sótt um stöður á Íslandi á þessum tíma en engin þeirra höfðaði til hans. Auk þess ríkti atvinnuleysi á landinu undir lok níunda áratugs síðustu aldar og fyrstu árin af þeim tíunda. „Ég fékk svar um hálfa stöðu hér heima en daginn eftir fulla stöðu úti í Gautaborg. Þá var engin spurning hvað skyldi gera.“

Sahlgrenska og þróun sérhæfingar

Jón hefur starfað á Sahlgrenska allar götur síðan. Um er að ræða eitt stærsta háskólasjúkrahús Norðurlanda, með yfir 17.000 starfsmenn og þrjár sjúkrahúsbyggingar. Sérhæfingin á sjúkrahúsinu er mikil og læknateymin eru sjö talsins: meðal annars meiðslateymi, liðskipti,

barna- og hryggteymi. Jón vinnur nú mest með meiðsli og aðgerðir á hné, ökkla og fótum. „Sérhæfingin hefur aukist gríðarlega. Þegar ég byrjaði þurfti maður að gera allt. Nú eru teymisvinnan og sérhæfingin í forgrunni.“

Artróskópían og brautryðjendahlutverk

Árið 1990 fór Jón ásamt félaganum sínum til Bandaríkjanna þar sem þeir lærðu þá nýju tækni liðsjár – artróskópiu. Þeir fluttu þessa þekkingu með sér heim og hófu að framkvæma aðgerðir með nýrri nálgun. „Fyrst voru menn efins, en þetta sýndi fljótt hversu áhrifaríkt það var.“ Þeir urðu meðal fyrstu lækna í Svíþjóð sem notuðu þessa tækni á hné, axlir og ökkla.

Ein aðgerðin sem hann þróaði vakti mikla athygli og hefur síðan verið kennd við hann sjálfan, en í hógværd sinni hefur Jón reynt að draga úr þeirri staðreynd. „Það er fyrir öllu að aðgerðin hefur reynst afar vel og verið einfaldari og áhrifaríkari en þær sem voru gerðar áður.“

Kennsla, leiðsögn og vinátta

Jón hefur verið ómetanlegur leiðbeinandi og kennari. Hann hefur stýrt dokt-

orsritgerðum yfir 80 nemenda, þar af núu Íslendinga. „Það skemmtilegasta við að leiðbeina unglæknum er samstarfið og vináttan sem myndast. Við lærum hvert af öðru og reynum að hlusta og styðja hvert annað.“ Mörg þeirra sem hann hefur kennt starfar nú á Íslandi, meðal annars í Orkuhúsinu, og hafa þau enn reglulegt samband við hann. „Bara í gær fékk ég fyrirspurn frá einum þeirra um aðgerð sem hann ætlaði að framkvæma, og hún var gerð samdægurs. Þetta gerist oft.“



Jón Karlsson er aldeilis ekki sestur í helgan stein þótt hann sé orðinn emeritus. Mynd/OBP

Rannsóknir og áhrif á vísindasamfélagið

Frá upphafi hefur Jón unnið bæði klínískt og fræðilega. Hann hefur birt hundruð ritrýndra greina og skrifað tugi bóka um bæklunarlækningar. Rannsóknir hans hafa náð yfir fjölbreytt efni: ökklaáverka, hnémeiðsli, brot, hásinar, krossbönd, höfuðáverka, æfingar fyrir sjúkraþjálfun og göngugreiningu. „Ég hef einnig unnið með hjúkrunarfræðingum, sjúkraþjálfurum og iðjuþjálfum. Þetta samstarf skiptir miklu máli.“

Forvarnir og áhrif á íþróttir

Knattspyrna hefur alla tíð verið áhugamál Jóns. Árið 1984 varð hann liðslæknir IFK Gautaborg og hefur starfað með liðinu allar götur síðan. Hann hefur einnig starfað með Læknanefnd sænska knattspyrnusambandsins og lagt sitt af mörkum til þróunar æfinga sem fyrirbyggja meiðsli.

„Við höfum unnið mikið að því að minnka tíðni krossbandsáverka og ökklatognana. Það er hægt að fyrirbyggja helminginn af slíkum meiðslum með rétttri þjálfun. Þetta þarf að kynna betur, sérstaklega í fótboltaumhverfinu og koma á venju með.“

Viðurkenningar og verðlaun

Árið 2015 fékk Jón Norrænu læknisfræðiverðlaunin sem veitt hafa verið árlega frá 1979 af Salus, tryggingafélagi sænskra lækna. „Mér þótti mjög vænt um þessi verðlaun. Þetta var viðurkenning á fjögurra áratuga starfi. Það spillti heldur ekki að fá þau afhent frá ríkisarfa Svíþjóðar og sitja hátíðarkvöldverð í kjölfarið.“ Verðlaunin voru þrískipt og hlutu þau einnig hinir þekktu íþróttalæknar Roald Bahr, Lars Engebretsen og Michael Kjær. Jón segir þá vera bæði hæfa vísindamenn og góða vini.

Fjölskylda og íslenskan í útleigð

Jón er kvæntur sænskri konu og eiga þau fjórar dætur. Ein þeirra er að ljúka sérnámi í bæklunarlækningum, önnur starfar í banka, sú þriðja er menntaskólakennari, og sú fjórða er myndlistarmaður og rithöfundur. Hvernig viðheldur þú svona góðri íslensku? „Ég tala íslensku eins oft og ég get. Ég er í sambandi við fjölda Íslendinga og tala við þá reglulega. Ég tala þó aðeins þrjár tungur – íslensku, ensku og sænsku.“

Skilaboð til nýrrar kynslóðar

Jón er ekki sestur í helgan stein þótt hann sé orðinn emeritus. Hann heldur áfram að rannsaka, leiðbeina og styðja þá sem nú eru að stíga sín fyrstu skref í læknisfræðinni. „Ég er ekki gamall, ég er bara reynslumikill. Það sem skiptir mestu máli er samvinna og virðing. Að við vinnum saman, hlustum hvert á annað og finnum lausnir í sameiningu.“

Aðspurður hvort hann sé sáttur með ferilinn, horfir hann um öxl og segir brosandí: „Ég er mjög ánægður með þetta allt saman. Og gott að geta enn haft puttana í þessu.“

„Það skemmtilegasta við að leiðbeina unglæknum er samstarfið og vináttan sem myndast. Við lærum hvert af öðru og reynum að hlusta og styðja hvert annað“